

REGLUGERÐ

um B-gatnagerðargjöld á Grenivík, Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á byggingar á Grenivík eftir því sem segir nánar í samþykkt þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna undirbyggingar varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, miða skal við utanmál húsa. Miða skal við skráningu Fasteignamats ríkisins.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundradshluta byggingarkostnaðar á m³ eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús og raðhús	3.0%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði	3.0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	1.5%
Opinberar byggingar	3.0%
Önnur hús skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar	1.0-3.0%
Bílgeymslur og aðrar útigeymslur	1.5%

4. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verkið fer fram, skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skulu vera samkvæmt kjörum Bygðasjóðs í samræmi við kjör þau er hann veitir lán á til varanlegrar gatnagerðar.

6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

7. gr.

Skuldabréfin sem gefin kunna að verða út vegna gatnagerðargjalda skulu vera með veði í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gjalda af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóma að stríða. Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, að viðbættum verðbótum, þegar álagningin fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

9. gr.

Sé byggt viðbótarhúsnæði á lóðinni eftir að gatnagerðargjöld hafa verið lögð á skal greitt af því svo sem öðrum byggingum samkvæmt reglugerð þessari.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla í 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

11. gr.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps í Suður-Pingeyjarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.